AUGLÝSING

135
28. júlí

um ræðaraskírteini.

Samkvæmt tilskipun nr. 43, 20. nóvember 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, eru hérmeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Sá, sem óskar eftir að öðlast ræðaraskírteini, skal sanna fyrir skipaskoðunarstjóra, að hann hafi nægilega þekkingu og leikni í öllu, er lýtur að því, að setja bjargbáta skips útbyrðis, kunni að róa og stjórna bát og að hann ennfremur sé fær um að skilja skipanir, er að vinnu við bjargbáta lýtur og svara þeim.

Hann skal vera fullra 18 ára og hafa stundað sjómennsku að minnsta kosti í 12 mánuði.

2. gr.

Ákvæðum 1. gr. skal þó án prófs talið fullnægt af þeim:

a. sem hefir skipstjóraskírteini eða stýrimannsskírteini.
b. sem hefir verið vélstjóri á skipi í 4 ár.
c. sem hefir verið bátsmaður eða háseti á skipi, að minnsta kosti í 12 mánuði.

3. gr.

Ræðaravottorð skulu gefin út af skipaskoðunarstjóra og án endurgjalds.

Ákvæði auglýsingar þessarar öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júlí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.